



Aukafundur Héraðsnefnd Árneseinga bs.

20. fundur haldinn fjarfundi á Teams

20. janúar 2021

Fundarsetning á Teams kl. 8:15

Eyþór H. Ólafsson, formaður Héraðsnefndar Árneseinga, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árneseinga.

Eyþór H. Ólafsson, formaður, lagði fram fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs. nr. 26 frá 15.12.2020, nr. 27 frá 05.01.2021 og nr. 28 frá 12.01.2021.

Engar athugasemdir voru gerðar og þær voru samþykktar samhljóða.

Formaður gaf orðið laust og til máls tóku Ari B. Thorarensen, Gunnar Egilsson, Kjartan Björnsson og Smári B. Kolbeinsson.

Eyþór H. Ólafsson, formaður, fór yfir niðurstöðu úr skýrslu Eflu verkfræðistofu, rýmisgreining og kostnaðarmat vegna flutnings að Búðarstíg 22.

Niðurstaða skýrsluhöfunda er sú að ekki er möguleiki að hýsa Héraðsskjalasafnið í húsnæði Byggðasafnsins að Búðarstíg 22. Mögulegt er að byggja hús á lóð Byggðasafnsins en það þarf að hanna og kostnaðarmeta frekar. Í fljótu bragði virðist takmörkuð samlegð vera með starfsemi safnanna og starfsemi þeirra í raun nokkuð ólík. Ekki er endilega víst að mikill ávinningur sé af því að reka bæði söfnin á sama stað.

Tillaga meirihluta framkvæmdastjórnar :

Undirritaðir leggja fram eftirfarandi tillögu fyrir aukafund Héraðsnefndar Árnesinga haldinn á Teams miðvikudaginn 20. janúar 2021:

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga, fékk eftir haustfund nefndarinnar, verkfræðistofuna Eflu til að gera þarfagreiningu á húsnæðisþörf fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga. Einnig var stjórninni falið að skoða þann möguleika að koma safninu fyrir ásamt Byggðasafninu að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka.

Í stuttu máli, eins og kemur fram í skýrslu Eflu, er ekki möguleiki á að koma safninu fyrir í núverandi húsnæði að Búðarstíg 22, ásamt starfsemi Byggðasafns Árnesinga. Þá stendur eftir sá möguleiki að byggja á lóðinni að Búðarstíg 22 fyrir safnið. Fyrir liggur að ef af því yrði yrði það húsnæði að vera „ofar“ á lóðinni en núverandi hús vegna flóðahættu og nýrra hæðarkvóta síðan þær byggingar voru reistar.

Efla hefur borið saman, út frá rýmisþörf, kostnað við byggingu sérstaks húsnæðis undir safnið sem gæti þá verið staðsett t.d. við Búðarstíg 22 á Eyrarbakka og það tilboð sem liggur fyrir frá aðilum að byggja undir safnið við Austurveg 60 á Selfossi. Í stuttu máli komast þeir að þeirri niðurstöðu að það tilboð sé mjög ásættanlegt og jafnvel mjög hagstætt, miðað við þarfir safnsins, bæði hvað varðar geymslur og skrifstofur.

Fyrir liggur að Héraðsskjalasafnið getur ekki lengur sinnt skyldum sínum að taka á móti skjölum þar sem húsnæði sem það þarf til þess er ekki lengur til staðar, allt pláss hefur verið nýtt, bæði í húsnæði Ráðhúss Árborgar og að Háheiði á Selfossi. Einnig liggur fyrir að Svf. Árborg þarf á núverandi húsnæði sínu að halda undir starfsemi sína og bíður eftir lausnum á þessum húsnæðisvanda safnsins. Því liggur fyrir að Héraðsnefnd Árnesinga þarf að taka afstöðu til þess, hvaða leið skuli farin til að koma safninu fyrir í varanlegu eða bráðabirgðahúsnæði.

Fyrir liggur útreikningur á skuldbindingum sveitarfélaganna sem standa að Héraðsnefndinni, út frá hugsanlegri lántöku hennar og afborgunum lánsins til næstu 13 ára, út frá fyrirliggjandi tilboði vegna Austurvegar 60.

Það er ljóst að ekki verður lengur unað við núverandi húsnæðisástand Héraðsskjalasafnsins. Framkvæmdastjórn leggur til að gengið verði til samninga um byggingu húsnæðis fyrir það, að Austurvegi 60, Selfossi og óskar eftir að ákvörðun um samþykki eða synjun verði tekin af Héraðsnefnd á aukafundi hennar þann 20. janúar 2021. Verði tillagan felld óskar framkvæmdastjórn eftir skýrri stefnu Héraðsnefndar um framhaldið.

Eyþór H. Ólafsson

Árni Eiríksson

Helgi Sigurður Haraldsson

Kjartan Björnsson

Tillaga Kristínar Magnúsdóttur

Undirrituð telur eðlilegast að svf. Árborg leggi Héraðsnefnd til lóð í miðbæ Selfoss eins og lofað var þegar tekin var ákvörðun um framtíðarstaðsetningu Héraðsskjalasafnsins. Þá er hægt að fara í útboð á framkvæmdinni sem er eðlilegt miðað við innkaupareglur aðilda sveitarfélaganna flestra ef ekki allra.

Ég tel því að ákvörðun fundarins þurfi að vera hvort vilji er til að fara í framkvæmd að stærðargráðunni 250-300 milljónir króna við Austurveg á Selfossi að undangengnu útboði og afhendingu Árborgar á lóð við Austurveg til Héraðsnefndar.

Að öðru leyti tek ég undir með félögum mínum í framkvæmdastjórninni um mikilvægi þess að fundurinn taki afstöðu til málsins.

Virðingarfyllst,

Kristín Magnúsdóttir

Formaður gaf orðið laust og til máls tóku auk formanns :

Helgi Kjartansson, Smári B. Kolbeinsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Helgi Sigurður Haraldsson, Gestur Þór Kristjánsson, Gunnar Egilsson, Kristín Magnúsdóttir, Árni Eiríksson, Kjartan Björnsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Tómas Ellert Tómasson, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Ari B. Thorarensen.

Samþykkt að fresta ákvörðunartöku um húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins og skoða nánar hvort Þjóðskjalasafnið geti mögulega tekið á móti gögnum sem Héraðsskjalasafnið tekur á móti í dag og hvaða valkostir eru í stöðunni. Framkvæmdastjórn ræðir við forsvarsmenn Þjóðskjalasafnsins og kannar hvaða þjónusta er þar í boði og fær upplýsingar um framtíðarsýn skjalamála. Einnig verður kannað með möguleika á skjalageymslu fyrir Héraðsskjalasafnið að Búðarstíg 22.

Haldinn verður annar aukafundur Héraðsnefndar þann 16. febrúar kl. 8:15.

Fundi slitið kl. 9:45

Eyþór H. Ólafsson	Hveragerðisbær
Ari Björn Thorarensen	Sveitarfélagið Árborg
Árni Eiríksson	Flóahreppur
Brynhildur Jónsdóttir	Sveitarfélagið Árborg
Gestur Þór Kristjánsson	Sveitarfélagið Ölfus
Gunnar Egilsson	Sveitarfélagið Árborg
Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur
Helgi Sigurður Haraldsson	Sveitarfélagið Árborg
Jón Bjarnason	Hrunamannahreppur
Óttar Bragi Þráinsson	Bláskógabyggð
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Rósa Matthíasdóttir	Flóahreppur
Tómas Ellert Tómasson	Sveitarfélagið Árborg
Njörður Sigurðsson	Hveragerðisbær
Kjartan Björnsson	Sveitarfélagið Árborg
Kristín Magnúsdóttir	Sveitarfélagið Ölfus
Jón Páll Kristófersson	Sveitarfélagið Ölfus
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Sigurjón Vídalín Guðmundsson	Sveitarfélagið Árborg
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerðisbær
Smári Bergmann Kolbeinsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Ingibjörg Garðarsdóttir	Fjárhaldsmaður Héraðsnefndar